



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Sólborg

Starfsáætlun 2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	5
2.1	Innra mat.....	5
2.2	Ytra mat.....	9
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	10
4	Innra mat deilda 2024-2025	14
4.1	Innra mat Furustofu	14
4.2	Innra mat Birkistofu	15
4.3	Innra mat Víði- og Reynistofu	15
5	Umbótaáætlun 2024-2025	16
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.	19
7	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	20
8	Foreldrasamvinna	20
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	21
10	Umsögn foreldraráðs.....	22





1 Greinargerð leikskólastjóra

Leikskólinn Sólborg er skóli sem er í stöðugri þróun og endurskoðun eins og vonandi allir skólar. Við byggjum vissulega á ákveðnum grunni sem lagður var í upphafi og í gegnum tíðina af leikskólakennurum fremstum í flokki en jafnframt af öllu því starfsfólki sem lagt hefur hönd á plóginn. Breytingar sem eiga sér stað í umhverfi okkar hafa áhrif á okkur öll og þurfum við alltaf að aðlagga okkur, vega og meta og gera breytingar sem stuðla að betri líðan allra og þá um leið betri tækifærum til leiks og náms. Samfélag okkar í dag er margbreytilegt, tæknilegt og áreitasamt. Leikskólinn á að vera samfélag þar sem allir geta notið sín við að læra á sjálfan sig og umhverfið í gegnum leik án þess að verða stöðugt fyrir truflunum. Börn þurfa að fá að læra af hvert öðru með því að prófa sig áfram, kanna, rannsaka, takast á, leysa úr ágreiningi, takast á við hindranir og reyna á sig í allskyns aðstæðum. Það er grunnurinn að því að verða skapandi, seig og getumikil manneskja að fá að takast á við umhverfið með jafningjum og fá að gera það í temmilegum friði. Svo ég vitni í Sigurð Nordal, þá er það einhvern veginn svona sem við ættum að hugsa þetta:

„Hver kynslóð er að vísu nýtt lauf á stofninum, hver kynslóð reisir að einhverju leyti nýtt hús á eldra grunni. En giftusamlegt jafnvægi er í því fólgið að vera í senn lauf á stofninum og færa honum meira gróðurmagn, - að reisa hús sitt á bjargi, en ekki á sandi, og úr ósviknum efniviði, sem kemur framtíðinni að notum.“

Alltaf er þetta jú samspil margra þátta, það er börnin, foreldrarnir, kennararnir og umhverfið allt. Allt spilar þetta saman og gæta þarf jafnvægis til að þroski, reynsla og lærdómur eigi sér stað.

Sólborg er sérhæfður leikskóli fyrir íslenska táknmál (ÍTM). Það gerir hann að tvítyngdum skóla þar sem höfuðáherslan er á að börnin geti leikið og tjáð sig hvort sem er á íslensku og/eða íslensku táknmáli og að allt starfsfólk skólans geti tjáð sig á táknmáli. Með ráðningu nýs leikskólastjóra Margrétar Gígju Þórðardóttur í janúar á þessu ári voru mörkuð tímamót þar sem hún er fyrsti döff leikskólastjóri þessa lands. Með henni kemur sönn reynsla og skilningur á því að vera döff og þar af leiðandi stóraukið tækifæri á að hlúa betur að táknmálshotendum og táknmálsumhverfi skólans almennt. Gígja, eins og hún er kölluð, kemur með mikla reynslu og þekkingu úr döff samfélaginu og verður raunverulegur tengiliður milli þess og skólans. Hún leggur mikla áherslu á samstarf milli stofnana sem tengjast döff menningu eins og ávallt hefur hefur verið gert í Sólborg. En með aðkomu hennar gefur það aukið vægi og mun koma til með að efla enn frekar samskipti skólans við foreldra og börn sem tengjast döff.

Í Sólborg starfa nú tveir táknmálstúlkar en árið 2013 var táknmálstúlkur fyrst ráðinn í skólann í hálfa stöðu sem varð svo að heilli stöðu 2018 sem markaði tímamót og hefur starf túlkanna verið að þróast





í leikskólaumhverfinu. Vegna fjölda döff starfsmanna, döff foreldra og döff barna er því mikilvægt að hafa tvo starfandi táknmálstúlka við skólann. Eins og staðan er í dag er ein skilgreind staða fyrir táknmálstulk en eðlilegra væri að fá tvær skilgreindar stöður táknmálstúlka vegna sérhæfingar skólans fyrir íslenska táknmálið.

Í marsmánuði þessa skólaárs fór Gígja í kuðungsígræðsluaðgerð (CI) sökum þess að hún var að missa heyrnina meir og meir. Hún þurfti því að taka sér veikindaleyfi og stökk aðstoðarleikskólastjóri í hennar skarð (undirrituð). Það er ekki síður ávinningur fyrir okkur í Sólborg eins og hana sjálfa því nú mun hún geta miðlað til okkar sem vinnum með börnum með kuðungsígræðslu hvernig það er að vera með kuðungsígræðslu og þurfa að læra að heyra með hjálp CI. Hún er alltaf að gefa hún Gígja 😊

Í kjölfar ráðningar Gígnu í leikskólastjórastöðuna tók undirrituð, Brynhildur Axelsdóttir, við aðstoðarleikskólastjórastarfinu en ég er leikskólakennari og hef starfað í Sólborg í bráðum 20 ár og mitt framlag til framþróunar skólans er að stuðla að og styrkja ennfrekar leikinn í leikskólanum. Leikurinn er grunnur að öllu námi, allri gleði, sköpun og vellíðan. Allir ættu að halda í barnið í sér og halda áfram að leika sér ævina á enda og því er mjög mikilvægt að við stöndum vörð um sjálfsprottinn leik í frjálsu umhverfi eins og við höfum hér á okkar góða landi og þurfum að róa öllu árum að því að sporna við að hér séu reistar rammgerðar, harðlæstar girðingar sem enginn kemst yfir nema fuglinn fljúgandi. Við eigum að halda í sérstöðu okkar og setja viðmiðin hátt eins og við gerum hér í Sólborg þ.e. að í skólanum starfi reynslumikið fagfólk í bland við þá sem eru að feta sín fyrstu fótspor í faginu og miðla þekkingunni áfram.

Þetta skólaár hefur gengið farsællega þó að auðvitað hafi verið tekist á um ýmis mál, aðferðir og leiðir, eins og gengur og gerist. Við kvöddum reyndan og styrkan leikskólakennara, hana Steinunni Björnsdóttur, eftir 40 ára starfsferil og þar af 12 ár hjá okkur í Sólborg. Við kveðjum góðan starfsmann sem hefur kennt okkur margt á þeim árum sem hún var hér. Starfsmannahópurinn er fjölbreyttur og sem heild vinnum við vel saman. Foreldrar og forráðamenn eru einnig ánægðir með okkar störf og hrósa okkur í hvívetna sem er mjög hvetjandi og ánægjulegt.

Við stefnum að sjálfsögðu á að gera gott betra og allir þurfa að leggjast á eitt og ganga samferða, allir hagaðilar.

Framtíðin er björt 😊

Brynhildur Axelsdóttir, leikskólastjóri í afleysingum





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

2.1 Innra mat

Hvað var metið?	Nýir stjórnendur (leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri)
Hvernig fór matið fram?	Deildarstjórafundir.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmenn ásamt deildarstjórum.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<u>Styrkleikar:</u> Meiri ró komin inn í leikskólastarfið. Viðvera stjórnenda til fyrirmyndar. <u>Tækifæri til umbóta:</u> Byrja að skoða sumarfrí starfsmanna í lok mars þ.e. hverjar vinna fram að lokun og hverjir eftir opnun.

Hvað var metið?	Teymisvinna
Hvernig fór matið fram?	Á fundum í hverju teymi fyrir sig.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk leikskólans voru þátttakendur í hverju teymi fyrir sig.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Í heildina er almenn ánægja með teymisvinnu og þátttakendur jákvæðir á virkni og utanumhald sem teymin skapa í starfi leikskólans. <u>Styrkleikar:</u> Skýrari stefnumörkun á atriðum innan teyma sem skilar sér inn í starfsumhverfið. <u>Tækifæri til umbóta:</u> Sameining deildastjóra- og leikskólateymis. <u>Táknmálsteymi</u> <u>Styrkleikar:</u> Ánægja með táknmálskennslu 1x viku hjá starfsfólki og árangur af þeirri kennslu kemur fram í meiri samskiptum á ÍTM. Alþjóðlega táknmálsvikan gekk vel og börnin ánægð með sameiginlegt listaverk. <u>Tækifæri til umbóta:</u> Setja inn í nýliðafræðsluna fræðslu um hlutverki táknmálstúlka. Skýra hlutverk táknmálstúlka innan leikskólastarfsins.





Sérkennsluteymi: Styrkleikar: Ánægja með

starfsumhverfið hjá þeim sem sjá um einstaklingsnámskrár og eftirfylgni.

Teymisfundirnir mikilvægir þar sem sótt er í skoðanarskipti, reynslu, þekkingu og stuðning. Nokkrir í teyminu hafa farið heimsókn í vinnustundir hjá öðrum og það er gagnlegt að rýna í það. Skoða og notaðar voru ýmsar verkfærakistur. Allir sammála um að mátturinn er inn á deild með barnahópnum. Tækifæri til umbóta:

Nauðsynlegt að kynna einstaklingnámskrá og markmið barnanna á starfsmannafundum að hausti, með opið skipulag í huga. Ef það næst ekki þá verðum við að nota vikulega deildafundi til að koma upplýsingum til starfsmanna. Það á einnig við ef um breytingar verða og/eða ný börn. Einnig er nauðsynlegt að koma upplýsingum frá lausnarteymisfundum til starfsmanna.

Leikskólateymi Styrkleikar: Staðið vel að því að standa vörð um hugmyndafræði leikskólastarfsins og minna okkur á hvert hlutverk leikskólans er og passa jafnvægið á milli þess stýrandi og þess frjálsa. Tækifæri til umbóta: Sameina leikskólateymi og deildastjóra teymi í eitt teymi. Halda áfram með þær áherslur sem hafa verið.

Fjölmenningarteymi. Styrkleikar: Skilvirkt eftirlit með máltöku barna með íslensku sem annað tungumál og fjöltyngd börn. Unnið að Gefðu 10, fylgst er með framförum í íslensku með skráningum í: „Ég um mig“ lista Sólborgar, Orðaforðalista, Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla og Hljóm 2. Tækifæri til umbóta: Halda betur utan um þau börn sem þurfa markvissa málörvun með því að fylla út hæfniramma reglulega. Hvetja starfsfólk til að kynna sér fræðslu um fjölmenningu á Torginu.





	Deildastjórategymi: <u>Styrkleikar:</u> Gott að hittast á deildarstjórarafundum 1x viku og fara yfir starfið og málefni líðandi stunda. <u>Tækifæri til umbóta:</u> Opna skipulagið, fara hægar af stað fyrst á haustin. Ákveða með starfsfólki hvar styrkleikar þeirra nýtast best í opna dagskipulaginu. Samstarfs milli deilda gengur vel en má bæta.
--	---

Hvað var metið?	Opið dagskipulag
Hvernig fór matið fram?	Deildarfundir, endurmat á starfi með reglulegu millibili yfir skólaárið (sjálfsprottinn leikur og skapandi starf, valdefling barna, samvinna, mannauður).
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Stjórnendur, deildastjórar, starfsfólk og börn.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<u>Styrkleikar:</u> Börn og starfsfólk í meiri samvinnu og þekkjast betur. Sjálfstæði og valdefling jókst meðal barna. <u>Tækifæri til umbóta:</u> Myndrænt skipulag með svæðum og myndir af starfsfólkinu á hverju svæði. Ákveðnir tímar fyrir eldri/yngrir í íþróttum og listasvæði. Efla hugsunarhátt um einn skóla, eina heild og sameiginlegt vinnusvæði barna og starfsfólks.

Hvað var metið?	Þemavikur, Tröllapema og Gamli tíminn
Hvernig fór matið fram?	Deildarfundir, endurmatsfundir.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Stjórnendur, deildastjórar, starfsfólk deilda og börn.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<u>Styrkleikar:</u> skemmtileg verkefni (tröll & gamli tíminn), tenging við Þorra og Góu var vel heppnað. Elstu barnapema með Þúsaldarljóð orðið ómissandi hluti starfsins á elstu deild. Börnunum þótti það skemmtilegt verkefni. Eins að taka þátt í Barnamenningarhátíðinni í





	Hörpu. <u>Tækifæri til umbóta</u> : Miða þemaverkefni út frá mism. þroska og aldri. Leggja áherslu á félagsfærni í þemavinnu að hausti. Samvinna aukin milli deilda á svipuðum aldri og þroska. Þemavinna skráð betur með tilliti til skólanámskrár.
--	--

Hvað var metið?	Íslenskt Táknmál - ÍTM
Hvernig fór matið fram?	Rýnt í daglega táknálsnotkun starfsfólks og barna, sýnileiki táknmáls inn á deildum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Stjórnendur og deildastjórar.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<u>Styrkleikar</u> : Íslenskt táknmál er daglega sýnilegt í öllu leikskólstarfinu með börnun í leik og söng. Einnig hanga táknmálsmyndir úti við innganginn sem allir hafa haft gaman af sem koma inn á leikskólalóðina. Lundur, sérstakt táknmálsrými er notað í táknmálssamverustundur og hefur það gefist vel fyrir börn er tengjast döff menningu og málumhverfi. Táknmálsnámskeið fyrir starfsfólk 1.x viku allt starfárið gekk vel og mikil ánægja meðal starfsfólks. <u>Tækifæri til umbóta</u> : Sýnileiki og merkingar með táknmyndum inn á deildum er misgott en allar deildir hafa einhverjar táknmyndir upp við. Mætti gera betur í merkingum á nafnorðum t.d. borð, stóll osfrv. Upp með hendur, átak fyrir starfsfólkið heldur áfram.

Hvað var metið?	Viðhorf starfsmanna Reykjavíkurborgar, greina styrkleika og áskoranir í starfsumhverfi og stjórnun
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<u>Styrkleikar</u> : starfsfólki kemur vel saman, er afslappað og jákvætt andrúmsloft.





	<u>Tækifæri til umbóta:</u> hvetja fólk til að taka þátt í könnuninni. Halda áfram uppbyggingarstarfi á góðum starfsanda. Hrósa hvort öðru í daglegu amstri dagsins þegar vel er gert.
--	--

2.2 Ytra mat

Hvað var metið?	Leikskólastarf höfuðborgarsvæðisins
Hvernig fór matið fram?	Foreldrakönnun á vegum Reykjavíkurborgar 2025.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Foreldra og forráðamanna barna í leikskólum í Reykjavík
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<u>Styrkleikar:</u> Erum fyrir ofan meðaltal í öllum þáttum könnunarinnar og hækkun frá síðustu mælingu árið 2023. 5 hæstu skorin voru: Foreldrar ánægðir með leikskólann. Starfsfólk styður vel við barnið. Öryggi barnsins er tryggt. Foreldrar og forráðamenn mæla með leikskólanum. <u>Tækifæri til umbóta:</u> Að veita foreldrum upplýsingar um þann skapandi efnivið sem við notum. Að allt starfsfólk þekki þarfir barnanna

Hvað var metið?	Viðhorf foreldra til upplýsingagjafar og skráningar í „Ég um mig“
Hvernig fór matið fram?	Foreldrakönnun, gerð af stjórnendum í Sólborg.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Foreldrar og forráðamenn barna í leikskólanum Sólborg,
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<u>Styrkleikar:</u> Foreldrar ánægðir með tölvupóst og fréttabréf til að fá upplýsingar. Foreldrar telja sig vel upplýsta um viðburði sem eiga sér stað í leikskólanum. Finnst aðgengi að stjórnendum gott og velkomnir í skólann. Skráningar „Ég um mig“: Hátt hlutfall foreldra ánægðir með skráningarnar og telja að það lýsi barninu mjög vel eða nokkuð vel. Finnst dýrmætt að eiga





	skráninguna. Virkar vel að prenta út skóladagatalið og hengja í fatahengi, yfir 80% foreldra ánægðir með sýnileikann. <u>Tækifæri til umbóta:</u> „Ég um mig“: Kynna betur fyrir foreldrum skráningarkerfið og tilgang þess.
--	--

3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Stjórnun- uppeldis og menntastarf	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Þróunarverkefni um „Opinn skóla“ uppeldis- og menntastarf þar sem lögð er áhersla á samvinnu og samþættingu, flæði milli svæða og sjálfsprottin leik og sköpun.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Samvinna yngri deilda Samvinna eldri deilda Efla sjálfsprotna sköpun Efla hugarfar um einn skóla Efla táknmálið í leikrýmum
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Yngri deildir útbúa saman dagskipulag og áherslur í aðlögun og samvinnu Eldri deildir útbúa sameiginlegt dagskipulag með áherslu á sjálfsprottinn leik og sköpun, samvinnu milli tveggja húsa.
Ábyrgð	Deildarstjórar og leikskólastjórnendur.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	26. ágúst til sumarlokunar.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Mat fer fram einu sinni á önn en símat fer fram á vikulegum deildarfundum. Börnin eru spurð út í skipulagið með opnum spurningum. Foreldrar fá spurningakönnun senda um skólastarfið í heild.





Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að í leikskólanum ríki afslappað andrúmsloft þar sem kennarar og börn njóta sín og treysta hvert öðru sem ýtir undir skapandi hugsun, seiglu og gleði.
--	--

Stjórnun- uppeldis og menntastarf

Umbótaþáttur/matsþáttur	Próunarverkefni í samstarfi við Samskiptamiðstöð Heyrnarlausra og Heyrnarskertra (SHH): Læsi á íslensku táknmáli - ÍTM söguskjóða
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Próa kennsluaðferðir sem styður við læsi leikskólabarna með íslenskt táknmál, ásamt námsefni.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Útbúa söguskjóðu, Gullbrá og birnir þrír, táknmálsbók. Próa og búa til táknmálsmyndir sem eru skýrar og aðlaðandi fyrir börnin Lýsingu á kennsluaðferðum Kennsluleiðbeiningar tilbúnar í apríl Upptaka og gerð myndbands á sögunni á ÍTM
Ábyrgð	Samábyrgð og samstarf er milli SHH og Sólborgar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Upphaf ágúst 2025 – lok, ágúst 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Efnið prófað af kennurum Sólborgar og SHH, skráðar og síðan metnar í áföngum yfir skólaárið með ígrundun og samræðum táknmálsteymis Sólborgar ásamt kennara og verkefnisstjóra frá Samskiptamiðstöð. Þetta verður gert fjórum sinnum í ferlinu í teymisfundavikum Sólborgar í september, nóvember, febrúar og maí. Einnig verða samræður við börnin og foreldra þeirra um sögustundir með söguskjóðunni.





Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Umsagnir SHH og starfsfólk Sólborgar sem prófar efnið í starfi með börnunum. Einnig viðtöl við börnin.
--	--

Stjórnun- uppeldis og menntastarf

Umbótapáttur/matspáttur	Táknmálstúlkar
Hvaða árangri er stefnt að?	Að táknmálstúlkar séu þátttakendur í daglegu starfi leikskólans. Styðja við og auka gæði táknmálsumhverfisins með því að auðvelda aðgengi og samskipti.
Hvernig á að framkvæma það?	Með virku samtali túlka og kennara um hlutverk túlka í leikskólaumhverfinu, skiptast á skoðunum og finna sameiginlegan flöt.
Ábyrgð	Stjórnendur, deildastjórar og táknmálstúlkar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	ágúst 2025 – maí 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Metið við lok hvernar annar, desember og maí. Endurmat fer fram á fundum með ábyrgðaraðilum og umbætur skráðar.
Viðmið um árangur	Upplifun og þátttaka táknmálstúlka í daglegu starfi leikskólans. Tengsl og traust milli túlka, starfsfólks og barna.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur

Umbótapáttur/matspáttur	Að starfsfólk vinni í skólanum sem ein heild og einbeiti sér að að vera með börnunum á gólfinu í leiknum og vera til staðar fyrir þau sem fyrirmyndir og leiðbeinendur, út sem inni, í að leita lausna og prófa sig áfram í margskonar verkefnum stórum sem smáum.
--------------------------------	--





Hvaða árangri er stefnt að?	Að allir gangi í takt og vinni saman að sameiginlegum markmiðum skólans með opnum huga og jákvæðni.
Hvernig á að framkvæma það?	Stjórnendateymi skólans er fyrirmynd í samskiptum og viðhorfum varðandi daglegt starf, samskipti og jákvæðni og þróunar í starfi.
Ábyrgð	Stjórnendur, deildarstjórar og sérkennslustjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	ágúst 2025 – maí 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Metið við lok hvernar annar, desember og maí. Endurmat fer fram á fundum með ábyrgðaraðilum og umbætur skráðar. Líðan og starfsandi metin í starfsþróunarviðtölum 1x á ári.
Viðmið um árangur	Niðurstöður úr starfsþróunarviðtölum sýni jákvæðni, samábyrgð og gleði í starfi.





4 Innra mat deilda 2024-2025

4.1 Innra mat Furustofu

Styrkleikar Furustofu

Starfið á deildinn gekk vel í vetur. Við höldum okkur við þau markmið sem við settum okkur. Sögustundir voru daglega, svo og söngstundir. Þar var fjölbreytnin í fyrirrúmi, börnin voru dugleg að læra hin ýmsu lög og texta, vísur og þulur. Í barnahópnum skapaðist góður vinskapur sem hefur haldist. Í leiknum skapaðist gott flæði.

Tækifæri Furustofu

Mörg ung börn byrja næsta haust á Furustofu. Aðlögun verður „þáttökuaðlögun“, þar sem foreldrar eru með börnum sínum fyrstu dagana. Hóparnir verða þrír og gefinn góður tími á milli þannig að börnin nái að finna til öryggis áður en nýr hópur er tekinn inn. Áður en börnin byrja leikskóladvölinu ætlum við að hafa viðtöl við foreldra til að fá nauðsynlegar upplýsingar frá foreldrum um barnið og veita foreldrum upplýsingar um starfið í leikskólanum.

Næsta vetur verður Furustofa táknmálsstofa. Þar sjáum við tækifæri til að auka kunnáttu bæði barna og kennara á táknmálinu.

Þáttökuaðlögun nýs barnahóps í hvetjandi umhverfi sem hæfir aldri þeirra. Foreldrarnir kynnst starfinu og starfsfólkinu og geta hugsað til barnsins síns og séð það fyrir sér í hinum ýmsu aðstæðum yfir daginn

Unnið sé eftir námskrá Sólborgar þar sem við leggjum m.a. áherslu á félags- mál- og hreyfi þroska og táknmáli.

Vel skipulagt deild með menntaðum starfsmönnum með mikla reynslu.





4.2 Innra mat Birkistofu

Styrkleikar Birkistofu

Við skiptum hópnum upp í litla hópa, þannig að ró og friður sé til leiks og starfa. Við leggjum áherslu á að kennarar séu nálægir í leik, þannig að þau finni fyrir nánd okkar. Við leggjum áherslu á vináttuna og samskiptin í hópnum, lærum að skiptast á vinna saman

Að börnin verði örugg, glöð og taki framförum við leik og störf.

Foreldraviðtöl sem fer fram daginn áður en aðlögun hefst til að fá mikilvægar upplýsingar strax í upphafi aðlögunarinnar.

Tækifæri Birkistofu

Táknmálið er á góðri leið og starfsfólk duglegt að æfa sig og fær góða leiðsögn frá döff starfsfólki og þeim sem kunna meira. Starfsfólk deildarinnar vinnur vel saman og samræmir starfsaðferðir sínar og hjálpast að. Á stofunum hefur verið leitast við að styðja við og efla börnin í leik og námi, þau hvött til sjálfstæðis og gera þau örugg í að treysta eigin hugmyndum og löngunum. Hlúa að umhverfi sem umvefur börnin og

4.3 Innra mat Víði- og Reynistofu

Styrkleikar og tækifæri Víði- og Reynistofu

Að bæta skipulag á samverustundum og leggja meiri áherslu á söng og vísur. Með auknu samstarfi geta stofurnar unnið sameiginlega að ýmsum verkefnum, svo sem þemavinnu og sköpunarvinnu. Kynna fyrir nýjum starfsmönnum mikilvægi leiksins og vera til staðar. Halda áfram að hlúa að leik barna og þar með námi, gera enn betur varðandi táknmálið og hafa hendur á lofti.





5 Umbótaáætlun 2024-2025

Furustofa og Birkistofa / 1-3 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Uppeldis og menntastarf - Táknmálstund
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að halda áfram að bæta við kunnáttu í táknmáli
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Halda áfram samsamstarfi við kennslustjóra ÍTM og döff starfsfólks.
Ábyrgð	Deildarstjóri, kennarar og kennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræður á deildarfundi í janúar og maí 2026 og rýnt í hversu mikið táknmál er notað inn á deildum í leik og starfi með börnunum.

Furustofa og Birkistofa / 1-3 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Uppeldis og menntastarf - Sögu- og söngstundir í sal
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að auka málþroska barnanna, m.a. orðaforða og tjáningu. Læra ný lög og hafa gaman.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Ákveða stað og stund sem hentar öllum deildum
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 -maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Umræður á deildarfundi í janúar og maí 2026





Furustofa og Birkistofa / 1-3 ára

Umbótaþáttur/matsþáttur	Samvinna á milli Furustofu og Birkistofu á haustönn - samnýting listaskála, íþróttasal og útisvæðis
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að auka samskipti barnanna á milli deilda og samvinnu
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Samnýting listaskála, íþróttasal og útisvæði
Ábyrgð	Deildarstjórar og kennarar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2025 – maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Umræður á deildarfundum í janúar og maí 2026

Reynistofa og Víðistofa / 4 – 6 ára

Umbótaþáttur/matsþáttur	Uppeldis og menntastarf – samvinna milli Reynistofu og Víðistofu
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Meiri samvinna milli Reynistofu og Víðistofu í daglegu starfi. Stefnt er að börnin hafi meira félagaval og fái verkefni sem vekja áhuga og forvitni.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Deildirnar vinna náið saman og börnin fái að dvelja á báðum stofum í leik. Elstu börnin fara í verkefni - Svæðin sem eru nýtt eru Reyni, Víði og Lundur og salurinn - Táknmálsstundir í Lundi - Hægt að stýra elstu barna stundunum í kringum valið - Hægt að skipta svæðunum í stöðvar og dreifa starfsfólki á milli svæða, nýta mannauðinn og fá starfsfólk í að velja hvar það vill vera - Hægt að samræma verkefni og ferðir sem árgangarnir eru að fara í - Ævintýrabær oftast og amk. út október og fastir dagar fyrir hreyfingu í salnum.





Ábyrgð	Deildastjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025 – júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Deildarfundum og deildarstjórafundum með jöfnu millibili yfir skólaárið og viðtal við börnin.

Víðistofa og Reynistofa / 3-6 ára

Umbótaþáttur/matsþáttur	Uppeldis og menntastarf – táknmálstundir
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Leggja áherslu á táknmálið í öllu starfi og hafa sýnilegar myndir með helstu táknum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Prenta út myndir með helstu táknum og hengja upp. Starfsfólk minnir hvert annað á að nota táknmálið.
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025-maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Á deildarfundum með jöfnu millibili yfir skólaárið.

Víðistofa og Reynistofa / 3-6 ára

Umbótaþáttur/matsþáttur	Uppeldis og menntastarf - leikskólabragur
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að opna dagskipulagið verði markvissara, að kynna það vel fyrir börnunum og hengja upp myndir á meðan þau eru að læra inn á það
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hengja upp myndir af þeim svæðum sem eru í boði hverju sinni og hvaða starfsfólk er á því svæði og hvetja börnin á hverjum morgni að velja sér leiksvæði
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025- maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Á deildarfundum og fá álit barnanna.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í desember 2024 – febrúar 2025, skiptu leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri með sér starfsmannahópnum. Í starfsmannasamtölum var spurt út í hvernig vinnan hefði gengið í vetur, hvernig samvinna, samskipti og stjórnun væru innan deilda og stjórnun skólans. Rætt var um verkefni og vinnu viðkomandi starfsmanns, hvernig þau hefðu gengið og hvort viðkomandi vildi halda áfram með þau verkefni eða óskir um önnur verkefni. Einnig var farið inn á símenntun fyrir næsta skólaár. Spurt var um starfsánægju og líðan hjá starfsmanni. Síðan var farið í að ræða hvernig viðkomandi sæi fyrir sér næsta vetur í starfi. Hvort hann væri með einhverjar óskir eða ábendingar sem hann vildi koma á framfæri. Viðtölin gengu vel og almenn ánægja meðal starfsfólks á vinnustaðnum og þau verkefni sem þau taka sér fyrir hendur.

Helstu niðurstöður: Að halda áfram með verkefnið um opna skólann og að allt starfsfólk sé upplýst um þróunarverkefnið og gangi í takt. Nauðsynlegt er að búa til starfslýsingu fyrir táknmálstúlka í leikskóla þar sem ekkert slíkt hefur verið gert á Íslandi.

Starfsfólkið sótti ýmis námskeið tengd sérkennslu, fjölmenningu, stjórnun og almennu leikskólastarfi, einnig ýmsa fyrirlestra. Hér fyrir neðan er listi um námskeið, fyrirlestra og hópefli sem ýmist allt starfsfólk sótti eða ákveðnir hópar.

- Fræðsla frá Barna og Fjölskyldustofu um Kynferðisofbeldi og kynferðisleg hegðun barna.
- Táknmálsnámskeið 1 x í viku fyrir starfsfólk allt skólaárið.
- Íslensku námskeið fyrir starfsfólk með annað móðurmál en íslensku.
- Fyrirlestur frá leikskólanum Uglukletti í Borgarnesi um „Flæði og Hæglæti“ í leikskólastarfi.
- Skyndihjálp frá Rauða Krossinum.
- Að brúa kynslóðabilið varðandi vinnusiðferði (fyrirlestur frá Kvan).
- Hópefli gegnum leik – Kramhúsið.

Á komandi starfsári verða fyrirlestrar og námskeið á starfsdögum. Ekki er komin endanleg ákvörðun fyrir alla dagana en byrjað verður á fyrirlestri um Öryggis- og brunavarnir í Sólborg, sem er hluti af öryggisáætlun í leikskólans.

7 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf milli skólastiga er mikilvægt svo tryggja megi eðlilega samfellu í námi barnsins. Samstarf þetta felst í upplýsingamiðlun og gagnkvæmum heimsóknum barna og kennara á milli skóla. Hlíðaskóli er hverfisgrunnskóli Sólborgar og er samstarf leik- og grunnskóla með hefðbundnum hætti þ.e. elstu börnin fara í reglulegar heimsóknir í grunnskólann og frístundamiðstöðina. Börnum með sérþarfir er fylgt nánar eftir í grunnskólann.

Samstarf við Hlíðaskóla gekk vel. Það var skipulagsfundur haustið 2024. Það er komin góð festa í heimsóknirnar þar sem skipulag og umgjörð er mjög góð. Börnin kynntust leik og starfi fyrsta bekkjar og fengu að skoða skólann. Einnig komu 1.bekkingar í heimsókn í Sólborg. Samstarf við Eldflaugina gekk einnig vel, heimsóknirnar eru tvær á vorönn.

8 Foreldrasamvinna

Lykillinn að vellíðan barna í leikskólanum er farsælt og gott samstarf milli kennara og foreldra. Í upphafi skólagöngunnar eru foreldrum veittar upplýsingar um að skólinn starfi samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla og Farsæld barna. Út frá Aðalnámskrá var útbúin námskrá fyrir leikskólann og starfsáætlun sem eru endurskoðaðar árlega og er hvor tveggja aðgengilegt á heimasíðu skólans.

Áhersla er lögð á að gefa foreldrum tíma og hlusta vel á hvað þeir hafa fram að færa ásamt því að starfsfólk veiti þeim ráð og stuðning. Mikilvægt er að bera virðingu fyrir stöðu allra foreldra. Allt upplýsingaflæði til foreldra er mikilvægur þáttur í foreldrasamstarfi. Dagleg samskipti eru mjög mikilvæg, þegar komið er með börnin eða þau sótt. Gagnkvæm upplýsingagjöf til og frá foreldrum og kennara er mikilvæg til að barninu líði sem best og þörfum þeirra mætt í daglegu starfi.

Skipulagt foreldrasamstarf er með eftirfarandi hætti:

- Kynning fyrir nýja foreldra að vori með stjórnendum skólans. Skólinn kynntur, Farsæld barna ofl.
- Foreldraviðtal með kennara barnsins áður en byrjað er í aðlögum. Þarna eru meðal annars farið yfir almennar upplýsingar um barnið, þátttökuaðlögun og óskir foreldra varðandi áherslur og væntingar til skólans.
- Kynningafundir að hausti með öllum foreldrum deildanna þar sem starf vetrarins er kynnt og skráningum „Ég um mig“.
- Foreldraviðtöl fara fram að hausti og vori.



9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar eru 6 á árinu, 25.ágúst, 2.október, 6.febrúar, 4.maí og 5. júní. Við sumarlokun 8. júlí er hálfur starfsdagur og lokar leikskólinn þá í hádeginu kl. 12.30. Leikskólinn opnar aftur eftir sumarfrí 7. ágúst.

Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla: Leikskólinn Sólborg

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 M	1 M	1 L	1 M	1 F	1 S	1 S	1 M	1 F	1 M	1 M
2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 M	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F
3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 Þ	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F
4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L
5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 M	5 F	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 S
6 M	6 L	6 M	6 F	6 L	6 Þ	6 F	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M
7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 L	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ
8 F	8 M	8 L	8 M	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M
9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 M	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F
10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 L	10 Þ	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 F
11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 M	12 F	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S
13 M	13 L	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L	13 M
14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ
15 F	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M
16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ	16 F	16 M	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F
17 S	17 M	17 F	17 M	17 M	17 L	17 Þ	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 F
18 M	18 F	18 L	18 M	18 F	18 S	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L
19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 M	19 Þ	19 F	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S
20 M	20 L	20 M	20 F	20 L	20 Þ	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M
21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 L	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ
22 F	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S	22 S	22 M	22 F	22 M	22 M
23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 M	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F
24 S	24 M	24 F	24 M	24 M	24 L	24 Þ	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F
25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 L
26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F	26 M	26 F	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S
27 M	27 L	27 M	27 F	27 L	27 Þ	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M
28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 L	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ
29 F	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F	29 S	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M
30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 M	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F
31 S		31 F		31 M		31 L		31 Þ	31 S		31 F

Leikskólinn opnar 7. ágúst 2026

Í reglum um leikskólalögnustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólalögn ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraáð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólalögmendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

F. h. Leikskólans,

Brynhildur Axelsdóttir 30.06.2025

Leikskólalastjóri Dagsetning





10 Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans Sólborgar hefur yfirfarið innra mat stofa leikskólans og tekur undir markmið fyrir komandi starfsár sem og tillögur að umbótum. Foreldraráðið hvetur til þess að fjöldi stöðugilda táknmálstúlka verði aukið í tvö gildi. Einnig hefur foreldraráð yfirfarið áætlun Sólborgar og gerir ekki athugasemdir við hana. Áætlunin er auðlæsileg og veitir foreldrum góða innsýn í starfið.

Foreldraráðið hvetur stjórnendur til að kynna sérstaklega sérverkefni skólans, s.s. „ég um mig“, á kynningunni sem haldin er í upphafi skólaárs. Engar athugasemdir eru gerðar við þá skipulags- og vetrarleyfisdaga sem lagðir eru til.

Við þökkum stjórnendateymi Sólborgar og starfsfólki fyrir vel unnin störf. Foreldraráðið hlakkar til komandi starfsárs.

Fyrir hönd Foreldraráðs.

Friðrikka Árný Rafnsdóttir

Hólmgeir Reynisson

